

greiði henni þann hluta, sem henni ber, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 2. kafla tæðrar greinar.

1872.

1. ágúst.

**75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um tvö ríkis skuldabréf í vörzlum hins almenna skólasjóðs<sup>1)</sup>.**

3. ágúst.

Þegar verið var að semja svör til athugasemda þeirra, sem gjörðar höfðu verið við endurskoðun ríkisreikninganna fyrir 1870—71, 8. gr., „tekjur af Færeyjum og Íslandi“, var tekið eptir því, að hinn almenni skólasjóður (ríkisins) hafði í vörzlum sínum tvö ríkisskuldabréf, annað uppá 500 rd. og hitt uppá 109 rd. 42 sk., sem heyrðu til eigna hins fyrveranda Hóla stiptis, en leigunum hafði árlega verið varið til að borga uppí skyndilán þau, sem veitt voru úr hinum almenna skólasjóði til hinna æðri kennslustofnana á Íslandi á árunum 1844—48. Eins og kirkju og kennslustjórninni mun kunnugt, voru tæð skuldabréf nokkur hluti af sjóði þeim, sem talinn var tilheyrandi skólanum á Íslandi, og sem samkvæmt konungsúrskurði 2. maí 1845<sup>2)</sup> skyldi ganga til að borga uppí skyndilán, sem veitt voru úr hinum almenna skólasjóði til þess að bygga upp tæðan skóla og koma honum í gang. Í stað þess að selja þessi tvö skuldabréf til þess að borga uppí skuldina, áleit háskólastjórnin réttast að láta það bíða, að gjöra nokkra ákvörðun um það, þangað til öll skuldaskipti yrði útkljáð, og jafnframt og skuldabréfin voru geymd, voru leigurnar af þeim árlega hafðar til þess að borga uppí það, sem eptir stóð af skuld-

<sup>1)</sup> Í bréfi 3. octbr. þ. á. lýsti kirkju og kennslustjórnin því yfir, að hún væri samdóma dómsmálastjórninni um þetta mál, og að hún muni gjöra ráðstöfun til, að fæ það, sem skuldabréfin hljóða uppá, verði fengið í hendur dómsmálastjórninni.

<sup>2)</sup> Lovsamling for Ísland, XIII., 241.



1872.

3. ágúst.

inni. Með því nú fjárhagsviðskipti Íslands og Danmerkur eru útkljáð fyrir fullt og allt með lögum 2. janúar 1871, og þá um leið það, sem hinn almenni skólasjóður átti hjá hinum lærða skóla í Reykjavík, sem við lok fjárhagsársins 1870—71 var 21,611 rd. 12 sk., er gefið upp, án þess að það, sem skuldabréfin hljóða uppá, sé komið uppí skuldina, virðist stjórnarráðinu mjög efasamt, hvort eigi uppgjöf þessi verði talin sem borgun, en ef svo er, hefir skólinn á Íslandi eða nú í hans stað lands-sjóðurinn, sem öll útgjöld við skólann eru greidd úr, rétt til þess að heimta að skuldabréfin verði seld fram.

Áður en frekara verður gjört við þetta mál, mælumst vèr til, að kirkju- og kennslustjórnin láti til álit sitt um það.

3. ágúst.

## 76. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skýrslur um holdsveiki.

Sökum þess að það er örðugleikum bundið, að fá skýrslur þær hjá héraðslæknum um holdsveiki á Íslandi og tölu holdsveikra manna þar, sem með þarf til þess að gjöra ráðstafanir, sem kynni þurfa til að taka, til að sporna við veiki þessari, hefir dómsmálastjórnin eptir undirlagi hins konunglega heilbrigðisráðs borið upp fyrir kirkju- og kennslustjórninni, hvort hún mundi fús til að koma því til leiðar, að prestum á Íslandi verði skipað að senda landlækninum árlega skýrslur um holdsveika menn, sem sé ritaðar á eyðublöð, sem til þess verða samin.

Útaf þessu sendum vèr yður, háæruverðugi herra, nokkur exemplör af eyðublöðum þessum, og mælumst vèr til að þèr útbýtið þeim meðal allra presta á Íslandi, og leggið þeim fyrir, að rita skýrslurnar á eyðublöðin og senda þær árlega landlækni, og skal það gjört í fyrsta skipti 1. janúar n. á.